

# LANDSPÍTALI 2009



LANDSPÍTALI  
HASKÓLASJÚKRAHÚS



Það hefur ekki farið framhjá neinum að miklir óvissutímar eru á Íslandi. Íslenskt þjóðfélag hefur breyst mikið og verið þjakað óvissu tengdri því efnahagshruni sem varð hér seinni hluta árs 2008. Óvissa hefur einnig verið innan Landspítala um hvað framtíðin beri í skauti sér og hvort spítalinn geti staðið undir nafni á næstu árum. Við erum nú þegar búin að draga saman um 18% á tveimur árum. Inni í þeirri tölu er óhagstæð gengisþróun sem olli hundruða milljóna króna tapi á árinu 2009 umfram forsendur fjárlaga. Þetta gengistap höfum við ekki getað ráðið við vegna þess að langflestir innkaupasamningar okkar eru gerðir í erlendra mynt eða í það minnsta miðaðir við erlenda mynt. Okkar svar hefur verið að breyta spítalanum mjög róttækt og draga saman þar

sem hægt er. Engin önnur laus er til í glímu við vandann enda er fjárhagsstaða ríkisins slík að ekki er hægt að búast við auknum opinberum fjárfraumlögum.

Við höfum breytt miklu og náð árangri. Árið 2009 breyttum við skipiritinu og með því fengum við styrkara vald og meiri dreifstýringu. Sú breyting var gerð í góðri sátt við starfsfólk spítalans og hefur reynst farsæl. Á árinu 2009 náði spítalinn að hagræða um u.þ.b. 2.700 milljónir króna án fjöldauppsagna. Þetta var hægt með því að breyta þjónustu og færa hana í ódýrara form auk þess sem við náðum árangri í innkaupum og í því að draga úr yfirvinnukostnaði, sérstaklega á seinni hluta árs 2009. Þó verður að taka skýrt fram að álag á spítalanum hefur verið mikið og allir starfsmenn þurft að leggja hart að sér á þessum erfiðu tímum.


Í septemberbyrjun 2009 kynntum við allmargar róttækar breytingar sem stuðluðu að því að þjónusta spítalans dróst saman en reyndum að tryggja öryggi sjúklinganna og gæta þess að sem flestir héldu vinnunni. Tölur í þessu ársyfirliti sýna, svo ekki verður um villst, að árangurinn varð mjög góður. En það er ekki nóg því meira þarf til bæði í formi vinnu og hugmynda um hvernig við getum tekist á við vandamálin á næstu árum. Staða ríkisins er því miður þannig að litlar líkur virðast vera á því að hægt verði umbuna starfsmönnum svo nokkru nemi með launahækkunum á næstu árum.

Ég vil þakka öllum fyrir síðastliðið ár, sem var eitt af þeim erfiðari í sögu spítalans. Allir starfsmenn hafa brugðist við á ótrúlegan hátt og sýnt ráðdeild og æðruleysi á miklum óvissutímum. Óvissa mun fylgja íslensku þjóðfélagi enn um sinn og þar með starfsemi hjá okkur. En um ákveðna lykilkætti starfseminnar verðum við að standa vörð, þ.e. öryggi sjúklinga, að Landspítali standi áfram undir nafni sem háskólasjúkrahús með fagmennsku, menntun og þekkingarsköpun sem eðlilegan hluta kjarnastarfseminnar og í þriðja lagi nýsköpun til að framlag okkar nýtist sem best þannig að það geti þegar fram líða stundir skapað auknar tekjur fyrir þjóðfélagið.

Á ársfundi spítalans í maí 2009 voru kynnt markmið þess árs og sex verkefni sem flestum er lokið. Nú er kynnt stefnumótun spítalans næstu sex ár og framkvæmdaáætlun til tveggja ára. Ljóst er að það mikla og áhugaverða verkefni biður okkar að framfylgja þessari áætlun. Ég er ekki í vafa um að það mun ganga vel með því úrvalslíði starfsmanna sem vinnur á spítalanum.

Að lokum, enn og aftur þakka ég öllu starfsfólki Landspítala, bæði núverandi og þeim sem hættu störfum á árinu 2009, frábær störf en einnig velunnurum spítalans hvarvetna fyrir góðan stuðning. Með nýja stefnumótun að vopni höldum við áfram góðum verkum, gætum hagsýni og sparnaðar og leggjum sem fyrr áherslu á öfluga upplýsingagjöf til starfsmanna og þjóðfélagsins þannig að sem minnst óvissa þurfi að ríkja um mikilvæga starfsemi Landspítala.

í apríl 2010.

  
Björn Zoëga forstjóri

## MARKMIÐ – EFTIRFYLGNI – ÁRANGUR

	2009	Markmið 2010
<b>Rekstur innan fjárheimilda <sup>1)</sup></b>		
Rekstrarafkoma, tekjuafgangur/ -tekjuhali	-1.338	0
Launagjöld, miðað við áætlun	-372	0
Önnur rekstrargjöld, miðað við áætlun	-1.122	0
Þar af lyfjakostnaður	-285	0
Sértekjur, miðað við áætlun	162	0
Fjöldi DRG eininga	48.700	48.900
Daglegur meðalfjöldi inniliggjandi sjúklinga	594	564 (-5%)
Daglegur meðalfjöldi vitjana og koma sjúklinga til meðferðaraðila á dag- og göngudeildir	1.460	1.606 (+10%)
<b>Bætt öryggi sjúklinga</b>		
Spítalasykingar <sup>2)</sup>	-	-
Þrýstingssár <sup>2)</sup>	-	-
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	7,4%	7,0%
Biðlistar, fjöldi sjúklinga sem biða lengur en 3 mán eftir innlögn	1.280	1.152 (-10%)
Hlutfall starfseininga með virka atvaskráningu	88%	94%
<b>Skilvirkir verkferlar</b>		
Ánægja sjúklinga <sup>3)</sup>	-	-
Hlutfall bráðamóttökusjúklinga sem leggjast inn á legudeild innan 4 klst.	34%	41% (+20%)
Meðallegutími útskrifaðra af legudeildum (sólarhringar) <sup>4)</sup>	6,8	6,5
Hlutfall legusjúklinga sem útskrifast fyrir kl.12:00	25,2%	28%
<b>Góður vinnustaður</b>		
Starfsánægja starfsmanna, mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	4,1	4,2
Ánægja nemenda í starfsnámi, mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	3,7-4,5	> 4,2
Starfsmannavelta	11,5%	8%
Fjarvistir vegna veikinda starfsmanna	6,5%	< 6,5%
Birtingar í ritryndum tímaritum (innlendur/ erlendur)	272 (52/220)	272
Vísindastyrkir utanaðkomandi (innanlands/utanlands) í millj. kr.	222 (109/113)	244 (+10%)
Fjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi	220	231 (+5%)
Fjöldi nemenda alls	1.100	1.100

1) Upphæðir í milljónum króna án S-merktra lyfja, sem nú eru greidd af Sjúkratryggingastofnun Íslands 2) Mæliaferð í þróun, innleidd árið 2010 3) Gerð verður könnun árið 2010 4) Án útlaga m.v. 6 mánaða legutíma.

# Stefnan mótuð til 2016

Landspítali, eins og önnur háskólasjúkrahús, mætir síauknum kröfum um meiri og fjölbreyttari þjónustu, aukin gæði og öryggi sjúklinga, öflugri rannsóknir og sterkari menntastarfsemi. Hið erfiða efnahagslega umhverfi sem ríkt hefur á Íslandi um skeið og mun ríkja enn um sinn gerir viðfangsefnið afar krefjandi.

Á árinu 2009 var skipulag spítalans endurskoðað og nýtt skipurit innleitt með það fyrir augum að auka dreifstýringu, stytta boðleiðir, auka skilvirkni og skerpa á verkaskiptingu og ábyrgð einstakra eininga.

Nú hefur næsta skref verið tekið til að laga sjúkrahúsið enn frekar að því umhverfi sem það þjónar en það felst í mótun stefnu Landspítala til ársins 2016. Framundan eru miklir óvissutímar. Til að háskólasjúkrahúsið geti áfram þjónað sem öryggisnet þjóðarinnar og flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu mun þurfa virka forgangsröðun verkfema, einföldun verkferla og markvissa eftirfylgni með hagræðingaraðgerðum.

## Hlutverk

Landspítali er sjúkrahús allra landsmanna, aðalsjúkrahús Íslands og háskólasjúkrahús.

- LSH veitir fjölbreytta, almenna og sérhæfða, heilbrigðisþjónustu og er miðstöð menntunar, þjálfunar og rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda.
- LSH er öryggisnet í eigu og þágu þjóðar.

## Framtíðarsýn til 2016

Landspítali er í fremstu röð háskólasjúkrahúsa. Sjúklingurinn og öryggi hans eru ætíð í fyrirrúmi.

- Mennta- og vísindastarf er í fremstu röð og markvisst unnið að nýsköpun á grundvelli þekkingar.
- LSH er eftirsóttur vinnustaður sem veitir hagkvæma og skilvirka þjónustu byggða á bestu þekkingu sem völ er á, reksturinn er gagnsær og innan fjárlaga.
- Landspítali er stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna.

## Gildi: Umhyggja | Fagmennska | Öryggi | Framþróun

Starfsemi LSH miðast við þarfir sjúklinga.

- Umhyggja og fagmennska einkenna starf LSH.
- Öryggi sjúklinga, starfsmanna og samfélags er til grundvallar öllu starfi.
- Menntun og vísindi eru í heiðri höfð enda hvílir starfsemi LSH á framþróun þekkingar og hagnýtingu hennar og á vel menntuðu starfsfólki sem byggir ákvarðanir á gagnreyndri þekkingu.

## Aðgerðir 2010 – 2011

Innleiðum aðgerðaáætlun og framkvæmdamenningu í samræmi við stefnu LSH þannig að allir starfsmenn taki þátt í að gera framtíðarsýn að veruleika. Markmið, árangursvísar, mat á frammistöðu, starfsmannasamtöl, viðhorfskannanir og eftirfylgni byggja á hríslun stefnunnar.

- Rekum LSH innan fjárheimilda með því að a) dreifa ábyrgð og valdi, b) setja skýr mælanleg markmið og efla kostnaðarvitund og kostnaðarstýringu, c) meta árangur með markvissri eftirfylgni og endurgjöf og d) sýna snerpu og taka strax á því sem betur má fara.
- Eflum öryggi sjúklinga með skilvirkri þjónustu sem byggist á teymisvinnu, þekkingu, menntun, vísindarannsóknum og reynslu.
- Þróum skilvirka verkferla með því að kortleggja mikilvæg ferli og skipa þeim ferlastjóra ásamt ferlateymum.
- Nýtum gildi LSH til að skapa góðan vinnustað sem við erum stolt af. Eflum stjórnendur og starfsmenn og búum sameiginlega til vinnustað þar sem gott er að starfa og þróast faglega. Stöndum sérstaklega vörð um mennta- og vísindastarf til að stuðla að framþróun og tryggja hæft starfsfólk í nútíð og framtíð.



# Landspítali

## Lykiltölur LSH


	2009	2008	Breyting milli ára
<b>Klínísk þjónusta</b>			
Einstaklingar sem leituðu til LSH <sup>1)</sup>	104.675	107.472	-2,6%
Komur á göngudeildir <sup>2)</sup>	339.998	332.677	2,2%
Komur á dagdeildir <sup>3)</sup>	92.120	91.291	0,9%
Komur á slysa- og bráðadeildir <sup>2)</sup>	94.687	95.364	-0,7%
Sjúkrahústengdar heimavítjanir <sup>2)</sup>	14.394	14.222	1,2%
Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga á dag	594	637	-6,8%
Legur (talið eftir sérgreinum)	28.825	28.563	0,9%
Legudagar	216.682	232.570	-6,8%
Meðallengd sjúkrahúslegu	7,5	8,1	-7,7%
Fæðingar	3.500	3.376	3,7%
Skurðaðgerðir	13.961	14.494	-3,7%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	2.068.654	2.158.803	-4,2%
<b>Starfsmenn</b>			
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda <sup>4)</sup>	3.899	3.873	0,7%
Yfirvinna í stöðugildum	222	351	-36,8%
Starfsmannaveita	11,5%	14,3%	-19,6%
Veikindahlutfall (stöðugildi) <sup>5)</sup>	6,5%	6,7%	-3,0%
<b>Rekstartölur <sup>6)</sup></b>			
Rekstrarkostnaður	37.707.426	39.717.189	-5,1%
Launakostnaður	26.701.052	27.957.290	-4,5%
Lyfjakostnaður	1.451.479	1.479.388	-1,9%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Hver koma sjúklings eða vitjun er nú talin einu sinni, áður voru á geðsviði taldar komur til hvers fagaðila fyrir sig ef sjúklingur hitti marga fagaðila í sömu komu. Gögn hafa verið leiðrétt m.t.t. þessa bæði árin en tölur eru ekki samanburðarhæfar við ársskýrslu 2008. 3) Dagdeildarkomur oftaldar á geðsviði í fyrri ársskýrslum vegna skráningarmáta en með innleiðingu nýs upplýsingakerfis 17. nóv. 2010 fást nú rétt gögn. Gögn beggja ára hafa verið leiðrétt m.t.t. þessa eins og kostur er, tölur því ekki samanburðarhæfar við ársskýrslu 2008. 4) Stöðugildi starfsmanna án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 5) Fjarvistategundir: veikindi og veikindi vegna vinnuslyss. Ársmeðaltal. 6) Krónutölur í þúsundum, á verðlagi ársins 2009, án fjármagnsliða.


## Dagur á Landspítala

- Á dag- og göngudeildir koma 1.695 sjúklingar
- Á legudeildum liggja 594 sjúklingar
- Gerðar 5.668 rannsóknir á rannsóknarsviði
- Sjúkra- og iðjuþjálfar veita 500 meðferðir
- Á slysa- og bráðamóttökum koma 259 sjúklingar
- 93 einstaklingar leggjast inn á legudeild
- Félagsráðgjafar veita 87 viðtöl og meðferðir
- 64 sjúklingar svæfðir eða deyfðir af svæfingarlæknum og svæfingarhjúkrunarfræðingum
- Farið í 40 sjúkrahústengdar heimavítjanir
- 55 sjúklingar fara í skurðaðgerð
- Á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins koma 34 börn
- Á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs koma 146 sjúklingar
- 27 sjúklingar koma í blóðskilun
- Prestar og djáknar sinna 19 sálgæslusamtölum
- Fæðast 10 börn
- Á hjartaþræðingarstofum eru 8 hjartaþræðingar
- Á gjörgæslu eru 11 sjúklingar
- Til Blóðbanka koma 4 nýir blóðgjafar
- Í vinnu eru 2.900 starfsmenn
- Þjónustuborð heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar svarar 185 fyrirspurnum
- Símapjónusta spítalans svarar 2.220 símröngingum
- Eldhúsið matreiðir fyrir 1.500 starfsmenn auk innliggjandi sjúklinga


### Starfsmenn, launagjöld og rekstrarkostnaður hlutfallslegar breytingar frá árinu 2002



### Markmið og árangur hagræðingaraðgerða árið 2009 Launakostnaður




### Markmið og árangur hagræðingaraðgerða árið 2009 Rekstrarkostnaður annar en laun, leiðrétt fyrir gengisáhrifum




### Heilbrigðisútgjöld hins opinbera


hlutfallslegar breytingar frá árinu 2001, staðvirt á mann á verðlagi samneyslu 2009  
Heimild: Þjóðhagsreikningar - Fjármál hins opinbera 2009, bráðabirgðauppgjör (Hagstofan, mars 2010)\*Árið 2009 leiðrétt mv. tilfærslu fjármuna frá LSH til Sjúkratrygginga vegna S-merktra lyfja




### Myndgreiningar, skurðaðgerðir og fæðingar hlutfallslegar breytingar frá árinu 2002




### Legudagar á legudeildum, komur á bráðamóttökur og dag- og göngudeildir auk heimavíttjana hlutfallslegar breytingar frá árinu 2002



### Fjöldi koma á bráðamóttökur árið 2009



### Bið eftir bæklunaraðgerðum og hjartaþræðingu Fjöldi sjúklinga sem höfðu verið á biðlista lengur en 3 mánuði í ársbyrjun hvers árs



**S**tjórnendum og starfsmönnum Landspítala er mikið áhyggjuefni hversu lítið fé fæst til endurnýjunar á mikilvægum tækjabúnaði. Stundum léttir þó til og yfirleitt er fyrir að þakka góðgerðarfélögum, fyrirtækjum eða einstaklingum sem leggja til fé og fyrirhöfn. Stærsta endurnýjun tækjabúnaðar árið 2009 var í Fossvogi með nýju tölvusneiðmyndataeki. Á ýmsum deildum náðist með góðum stuðningi að endurnýja smærri búnað sem oft er þó dýr. Hjartarannsókn 10E fór ekki hefðbundnar leiðir, starfsmennirnir hjálpuðu Philips að þróa nýtt hjartalínuritstæki og fengu tvö slík að gjöf í staðinn!

**L**andspítali var settur á „virkjunarstig“ viðbragðsáætlunar spítalans 29. október sem hefur ekki áður gerst. Það var vegna fjölda sjúklinga á gjörgæsludeildum, aðallega sökum influensu A(H1N1), svokallaðar svínafleusnu. Dagana á eftir lágu allt að 45 á spítalanum í einu vegna flensunnar og mest 11 á gjörgæslu á sama tíma. Viðbragðsstjórn og farsóttarnefnd spítalans stjórnðu aðgerðum vegna svínafleusunnar og prófraunina stóðst Landspítali með ágætum. Langflestir starfsmenn spítalans þáðu bólusetningu við svínafleusunni eða vel yfir 4 þúsund þeirra.

**V**isindastarfssemin er nauðsynlegur háskólasjúkrahúsinu og viðurkenndir mælikvarðar staðfesta færni og afköst vísindamanna Landspítala í alþjóðlegum samanburði. Á hverju vori er lagður grunnur að vísindastarfinu með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði LSH og afrakstur þess er kynntur á „Vísindum á vordögum“. Ungur vísindamaður ársins 2009 var Erna Sif Arnardóttir líffræðingur og Rósa Björk Barkardóttir sameindalíffræðingur var heiðursvísindamaður Landspítala 2009.

**V**isindavaka Rannís er hvert sinn fjölsóttur viðburður þar sem íslenskir vísindamenn kynna starfsemi sína. Landspítali tók þátt í henni 25. september í Listasafni Reykjavíkur. Þar voru fjölbreyttar rannsóknir kynntar almenningi; um svefnvandamál barna, fyrirbyggjandi aðgerðir þunglyndis meðal unglinga, byltur fullorðinna, næringu aldraðra og hreyfingu, verki og verkjalyfjameðferð, vinnuálag sjúkraliða, fækkun óstöðugra kransæðasjúkdóma og reykingabann. Sýnd voru tæki til mælingar á augnbotnum og raförvun sem byggja á niðurstöðu rannsókna á Landspítala.



**G**eðsvið stóð fyrir stórum samráðsfundi í lðnó 25. janúar til að leggja grunn að nýrri stefnu fyrir geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Vel þótti takast til en á fundinum voru, auk 50 starfsmanna Landspítala, um 70 fulltrúar ýmissa félaga- og notendasamtaka sem tengjast geðheilbrigðismálum, ráðuneytum heilbrigðis- og félagsmála, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, heilsugæslunni, félagsþjónustunni, landlækni, lögreglunni og fleirum.

**„Á** rás fyrir Grensás“ er yfirskrift fjársöfnunar sem Edda Heiðrún Backman leikkona stendur fyrir til uppbyggingar endurhæfingardeildarinnar á Grensási. Þar hefur hún látið til sín taka svo um munar, ásamt Hollvinum Grensásdeildar sem hafa starfað síðan árið 2006. Hápunktur átaks Eddu Heiðrúnar og hollvinnanna var landssöfnun í Sjónvarpinu 25. september en þar söfnuðust 119 milljónir króna. Á gamlársdag völdu hlustendur Rásar tvö Eddu Heiðrúnu mann ársins 2009.

**V**efmiðlun Landspítala er í stöðugri þróun. Heimavefurinn gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun innan háskólasjúkrahússins og útvefurinn gagnvart almenningi. Nýr útvefur var opnaður 10. júní. Þar er meðal annars gagnleg safnsíða, sjúklingar / aðstandendur, þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um undirbúning sjúkrahúsðvalar, dvölina sjálfa og útskriftina.

**V**ikulegir föstudagspistlar forstjóra til starfsmanna sem Björn Zoëga hóf að birta á upplýsingavef spítalans í október hafa vakið athygli innan spítalans og utan. Tilgangur þeirra er að upplýsa starfsmenn sem best um stöðu og horfur í starfseminni og framvindu sameiginlegra verkefna stjórnenda og starfsmanna til að ná markmiðum hverju sinni. Björn tók í september við starfi forstjóra eftir að Hulda Gunnlaugsdóttir fékk ársleyfi frá því starfi. Ólafur Baldursson tók við starfi Björns sem framkvæmdastjóri lækninga.

**F**élagsstarf starfsmanna spítalans hefur fengið endurnýjadan þrótt með breyttu skipulagi í nýju Starfsmannafélagi Landspítala. Á vettvangi þess eru haldin námskeið og staðið fyrir útvisstar-, félags-, íþrótt- og skemmtiviðburðum af ýmsum toga, ásamt því að leigðir eru út orlofsbústaðir og leitað afsláttarkjara fyrir starfsmenn. Íþróttafélag LSH var lagt niður árið 2009 og verkefni þess færð inn í starfsmannafélagið.

**F**ærniþúðir voru opnaðar á Landspítala í febrúar. Þar er aðstaða til verklegrar kennslu í endurlífingun og hægt að setja upp stöðvar með sýndarsjúklingum og hermílikönum. Slík aðstaða er mikilvæg fyrir þjálfun starfsfólks og öryggi sjúklinga. Umsjón með færniþúðunum hefur vísinda-, mennta- og gæðasvið sem er ætlað að skapa sem bestar aðstæður til kennslu, náms og fræðilegra starfa á spítalanum.

**P**ír heilbrigðisráðherrar stýrðu heilbrigðisráðuneytinu á árinu 2009 og komu hver með sínum hætti að starfsemi Landspítala, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ögmundur Jónasson og Álfheiður Ingadóttir.

**K**vennadeildir Landspítala fögnuðu 60 ára afmæli með fræðslu- og skemmtidegi 20. febrúar.

**A**ljóðlegt ALSO námskeið, ætlað læknum og ljósmæðrum sem sinna konum á meðgöngu og í fæðingu, var haldið í maí, í fyrsta skipti hér á landi. Það er samstarfsverkefni kvennadeilda spítalans og Ljósmæðrafélags Íslands og miðar að því að viðhalda þekkingu og þjálfra rétt viðbrögð við bráðatilfellum á meðgöngu og í fæðingu. Slík námskeið eru haldin í nær 50 löndum og þótti svo vel takast til að framhald verður á.

**L**öngu og farsælu starfi á vegum geðsviðs Landspítala að Reynimel 55 var hætt í samræmi við þá stefnu spítalans að fækka legurýmum en efla endurhæfingarstarfsemina.

**V**egna erfiðrar rekstrarstöðu Landspítala ákvað framkvæmdastjórn hans aðgerðir til að minnka rekstrarkostnað og var tilkynnt um þær 4. september. Helstu aðgerðir fólust í því að breyta sólarhringsdeildum í dag- eða 5 daga deildir, fækka skurðstofum í rekstri, lækka kostnað við innkaup, lækka bifreiðakostnað, endurnýja ekki tímabundnar ráðningar, ráða ekki í störf þeirra sem hætta vegna aldurs, lækka sí- og endurmenntunarkostnað og setja ákveðnari reglur um breytilega yfirvinnu. Með aðgerðunum var ætlað að spara um 400 milljónir til ársloka. Samkvæmt niðurstöðu fjárlaga í árslok 2009 var Landspítala gert að hagræða um 3,2 milljarða króna á árinu 2010 og voru um leið lögð drög að enn frekari sparnaðar- og hagræðingaraðgerðum en áður höfðu verið ákveðnar.



**S**kipulag og starf klínískra deilda er stöðugt í mótun og endurskipulagningu til að mæta breyttum þörfum og áherslum. Dæmi um það er fjölgreina dagdeild skurðlækningasviðs sem var opnuð á 13D í júní þar sem þvagfæraskurðdeild var lengi. Legudeildarhlutinn sameinaðist almennri skurðeild á 13G. Mikil vinna hófst á árinu 2009 til undirbúnings sameiningar á bráðamóttökum með það að markmiði að opna bráðadeild í Fossvogi og hjartamiðstöð við Hringbraut fyrir hluta árs 2010.

**U**m eitt þúsund manns komu á opið hús bæklunarskurðeilda í Fossvogi 26. mars. Þar var hægt að fræðast um starfsemina og skoða alls kyns nagla, skráfur, tæki og tól sem eru notuð í bæklunarlækningum.

**M**iklar endurbætur standa yfir á dag- og legudeild barna- og unglíngageðdeildar (BUGL) við Dalbraut. Fyrsti áfangi þeirra var bygging göngudeildarhúss sem tekin var í notkun árið 2008 en við tóku breytingar á eldra húsnæði. Til þeirra framkvæmda færði kvenfélagið Hringurinn Landspítala 50 milljónir króna sem afhentar voru 4. júní en með gjöfum sínum á árinu 2009 var það félag spítalanum, sem fyrr, mikilvægur bakhjálur í mörgu.

**Y**ale háskólinn í Connecticut í Bandaríkjunum heiðraði minningu Margrétar Oddsdóttur, yfirlæknis og prófessors í skurðlækningum á Landspítala, með veglegri athöfn og dagskrá 29. og 30. september. Hún lést langt fyrir aldur fram í janúar. Margrét naut viðurkenningar um allan heim sem einn fremsti sérfræðingur á sínu sviði eins og kemur líka fram í því að nýjasta útgáfa Schwartz's Textbook of Surgery, mest seldu kennslubókar í skurðlækningum í heiminum, er tileinkuð minningu hennar.

**V**ika bráðahjúkrunar var haldin í fyrsta skipti 16. til 22. nóvember en hún á að verða árlegur viðburður. Tilgangurinn er meðal annars að leitast við að heiðra þá hollustu sem bráðahjúkrunarfræðingar sýna sjúklingum sínum með sérhæfðri bráðahjúkrun, umhyggju og umönnun.

**2009**

# Nýtt skipurit Landspítala

Nýtt skipurit tók að fullu gildi á Landspítala 8. júní 2009. Klínískum sviðum var fækkað úr 12 í 6 og stjórnkerfi þeirra einfaldað. Stoðsviðin eru 4. Sviðunum stýra nú framkvæmdastjórnar sem ráðnir voru samkvæmt auglýsingu.

**Lyflækningasvið** – þjónusta í öllum helstu sérgreinum lyflækninga.

**Skurðlækningasvið** – þjónusta í öllum helstu greinum skurðlækninga.

**Geðsvið** – þjónusta vegna geðrænna vandamála fullorðinna.

**Kvenna- og barnasvið** – þjónusta vegna kvensjúkdóma, meðgöngu- vandamála, fæðingar-, nýbura- og barnalækninga og geðrænna vandamála barna.

**Rannsóknarsvið** – fjölbreytt læknisfræðileg myndgreining og rannsóknarstofur í blóðmeinafræði, sameinda- og erfðalæknisfræði, lífefnafræði, meinafræði, ónæmisfræði, sýklafræði og veirufræði.

**Bráðasvið** – þjónusta við bráðveika og slasaða.


**Mannauðssvið** – ber ábyrgð á mannaússtefnu spítalans, annast kjara- og launamál, veitir ráðgjöf og stuðning og stuðlar að hagkvæmri nýtingu mannafla, öryggju vinnuumhverfi, jafnrétti og vellíðan starfsmanna.

**Fjármálasvið** – hefur umsjón með fjármálum spítalans og annast reikningshald hans og mánaðar- og ársuppgjör, ásamt því að safna, greina og miðla upplýsingum um starfsemi og rekstur LSH.

**Eignasvið** – annast umsýslu fasteigna, viðhald, eldhús og mótuneyti, öryggismál, vörustjórnun, vörudreifingu og þvottahúsrekstur.

**Vísinda-, mennta- og gæðasvið** – greiðir fyrir og eflir háskólastarfsemi og menntun heilbrigðisstétta á spítalanum, mótar og framkvæmir stefnu hans í vísindum og annast samskipti við innlendir og erlendar háskólastofnanir.

**Framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga** – móta sýn og markmið faglegra málefna er varða meðferð sjúklinga og faglegra þróun heilbrigðisstarfsmanna.



## Forstjóri og framkvæmdastjórn


Björn Zoëga forstjóri - Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga - Anna Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar Vilhelmina Haraldsdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs - Lilja Stefánsdóttir framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Páll Matthíasson framkvæmdastjóri geðsviðs - Jón Hilmar Friðriksson framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Ásbjörn Jónsson framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs - Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri bráðasviðs Erna Einarisdóttir framkvæmdastjóri mannaúðssviðs - Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Ingólfur Þórisson framkvæmdastjóri eignasviðs - Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og gæðasviðs



Sameiginleg viljayfirlýsing 20 lífeyrissjóða og heilbrigðis-, forsætis- og fjármálaráðherra um samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingu Landspítala við Hringbraut var undirrituð 4. nóvember 2009.

## Nýr Landspítali 2016 [www.haskolasjukrahus.is](http://www.haskolasjukrahus.is)

Yfir 700 íslenskir sérfræðingar á byggingarsviði og flestar stærstu arkitekta- og verkfræðistofur landsins eru í 5 teyllum sem taka þátt í hönnunarsamkeppni um nýjan Landspítala við Hringbraut. Tillögur eiga að liggja fyrir 10. júní 2010 og dómnefnd skilar niðurstöðu mánuði síðar. Samkeppnin nær annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar við Hringbraut og hins vegar útfærslu á 66 þúsund m<sup>2</sup> nýbyggingu Landspítala, auk frumhönnunar 10 þúsund m<sup>2</sup> byggingar fyrir Háskóla Íslands sem tengist starfsemi heilbrigðisvísindasviðs HÍ og Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum.



## Nýr landspítali - verkefnisstjórn

Gunnar Svavarsson verkfræðingur, formaður · Egill Tryggvason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu · Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Háskóla Íslands · Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri eignasviðs á Landspítala · Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu